

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1078
komudagur 27.2.2006.

Akureyri, 24. febrúar 2006

Umsögn: Frumvarp til æskulýðslaga, þskj. 655 – 434. mál,
sbr. bréf frá menntamálanefnd Alþingis, dagsett 9. febrúar 2006.

Æskulýðssamband kirkjunnar í Eyjafjarðarprófastsdæmi, ÆSKEY, fagnar framkomnu frumvarpi til æskulýðslaga, 434. mál og þakkar fyrir erindi þess efnis að veita umsögn um frumvarpið.

ÆSKEY vill sérstaklega benda á mikilvægi þess að bætt verði við lögum ákvæðum um sérstakan stuðning sveitafélaga við æskulýðsstarf sem sinnir ungmennum sem búa við skert tækifæri hvort heldur er vegna þess að þau komi frá efnaminni fjölskyldum, hafi notið lítillar menntunar, búi við skerta starfsgetu vegna fötlunar, þurfi að sækja langt til alls sökum búsetu í dreifbýli eða eigi í erfiðleikum með félagslega aðlögun sökum menningarlegs bakgrunns svo dæmi séu nefnd.

Slíkt ákvæði gæti t.d. komið í 11. gr sem þá myndi hljóða svo (viðbót feitletuð):

Sveitarstjórnir setja sér reglur um á hvern hátt stuðningi við frjálst æskulýðsstarf er háttáð. Sveitarfélög hafa starfandi æskulýðsnefndir eða sambærilegar nefndir samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð. **Æskulýðsfélög sem hafa innan sinna vébanda eða starfa með einstaklingum sem búa við skert tækifæri skulu njóta sérstaks stuðnings frá viðkomandi sveitafélagi.**

Virðingarfyllst,
f.h. ÆSKEY


Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni
Formaður ÆSKEY

(Samhljóða eintök send í tölvupósti sem pdf-skjal og frumrit í pósti 24. febrúar 2006).